

Landlæknisembættið

Suðurströnd

170 Seltjarnarnesi

Efni: Kvörtun vegna heilbrigðisþjónustu á LSH, bráðamóttöku barna

Þann 22. febrúar 2001 kom ég á bráðamóttöku barna, við Hringbraut með son minn Jóel Gaut Einarsson kt. 081299-2779, vegna uppkasta sem staðið höfðu yfir frá því nóttina áður. Hann var greindur með vatnshöfuð og var með ventil frá því viku eftir fæðingu. Ventillinn hafði áður stíflast tvívegis. Einkenni þennan dag voru hinsvegar útskýrð sem magakveisa og meðferðin var að gefa honum vökva í æð. Ekki var tékkað á ventlinum. Sónar af höfði var gerður sem sýndi óyggjandi að um aukinn þristing í höfði var að ræða, skömmu eftir sónarinn fór drengurinn í öndunarstopp, var úrskurðaður heiladauður morguninn eftir og lést þann 24.

Ég gerði athugasemd við lækna sem önnuðust hann varðandi greininguna og meðferð þar sem ég taldi að ventillinn hefði ekki verið skoðaður og viðurkenndu sérfræðingarnir dr. A og Dr. B að það hefði átt að bregðast við því að vökvagjöfin skilaði ekki þeim árangri sem til var ætlast. Ekkert plan B var fyrir hendi né brugðist við versnandi ástandi stráksins sama hversu mikið ég lét í ljós áhyggjur mínar við að missa samband við hann. Starfsfólk bráðadeildar barna fannst mér vera á sífelldum þönum og staldraði aldrei almennilega við til að horfa á það sem var að gerast. Ég var hins vegar með strákinn í fanginu meira og minna allan tímann og fann að þetta var ekki í lagi. Samt var ekki hlustað á mig. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort ábyrgðin hafi verið sett á mínar herðar þar sem ég sjálf er hjúkrunarfræðingur. En það var ég ekki í þessu tilfelli, þarna var ég eingöngu móðir. Mér var tjáð að atvikið hefði verið rætt á fundi lækna en hef aldrei fengið neinar upplýsinga né viðbrögð frá LSH. Nú 9 árum síðar þykir mér ljóst að ekkert muni bóla að viðbrögðum og þykir mér það harla óeðlilegt. Því fer ég fram á að Landlæknir skoði málið og skýri hver raunveruleg viðbrögð voru við þessu máli og af hverju ekkert heyrir frá þeim. Þetta er alla vega óeðlilegt í mínum augum.

Seltjarnarnesi 30. júní 2010

---

Auðbjörg Reynisdóttir